

Náttúruminjasafn Íslands

02 911

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Náttúruminjasafn Íslands
kt. 520707-0340
Brynjólfsgötu 5, 107 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.

Náttúruminjasafnið safnar munum sem henta starfsemi þess, skráir þá og varðveitir. Safnið aflar upplýsinga sem veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru. Safnið skal miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Safnið annast rannsóknir á starfssviði sínu. Náttúruminjasafn Íslands veitir öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu þeirra hér á landi og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða. Náttúruminjasafnið skal eiga samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða á vegum ríkisins og annarra aðila.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 250,2 milljónir og afkoma kr. 76,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 87,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 158,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Náttúruminjasafns Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Náttúruminjasafns Íslands fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Hilmar J. Malmquist
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	108.800.000	82.800.000
Framlög og ýmsar tekjur	3	120.837.185	78.720.675
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	<u>20.545.207</u>	<u>9.862.371</u>
Tekjur samtals		250.182.392	171.383.046
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	106.009.540	80.680.245
Annar rekstrarkostnaður	5	46.968.667	42.669.402
Afskriftir	6	<u>20.545.207</u>	<u>9.862.371</u>
Gjöld samtals		173.523.414	133.212.018
Afkoma fyrir fjármagnsliði		76.658.978	38.171.028
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(6.556)</u>	<u>(29.236)</u>
		(6.556)	(29.236)
Afkoma ársins		<u><u>76.652.422</u></u>	<u><u>38.141.792</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	7	43.638	15.010
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		149.831.048	161.863.028
Aðrar eignir		3.506.393	3.319.911
		<u>153.337.441</u>	<u>165.182.939</u>
Fastafjármunir samtals		<u>153.381.079</u>	<u>165.197.949</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		50.000	8.596.296
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	5.415.074	0
Veltufjármunir samtals		<u>5.465.074</u>	<u>8.596.296</u>
Eignir samtals		<u>158.846.153</u>	<u>173.794.245</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		87.201.748	44.671.118
Eigið fé samtals		<u>87.201.748</u>	<u>44.671.118</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	89.392.717	131.698.767
Viðskiptaskuldir		3.437.470	1.298.403
Ýmsar skammtímaskuldir	11	7.863.689	5.430.221
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	(29.049.471)	(9.304.264)
Skuldir samtals		<u>71.644.405</u>	<u>129.123.127</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>158.846.153</u>	<u>173.794.245</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		76.652.422	38.141.792
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	20.545.207	9.862.371
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(20.545.207)	(9.862.371)
		<u>76.652.422</u>	<u>38.141.792</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		3.131.222	(4.439.382)
Tengdir aðilar		(50.234.387)	125.971.862
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		4.572.535	(48.498.208)
		<u>(42.530.630)</u>	<u>73.034.272</u>
		<u>34.121.792</u>	<u>111.176.064</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(53.488)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(8.674.849)	(2.051.193)
		<u>(8.728.337)</u>	<u>(2.051.193)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins			
Tengdir aðilar		(34.121.792)	(111.896.064)
Fjárfestingarframlag		7.928.337	1.971.193
		<u>800.000</u>	<u>800.000</u>
		<u>(25.393.455)</u>	<u>(109.124.871)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að fráreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbinding sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	108.800.000	82.800.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	20.545.207	9.862.371
	<u>129.345.207</u>	<u>92.662.371</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	99.000.000	0	0	99.000.000
Fjáraukalög	(200.000)	0	0	(200.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða	10.000.000	0	0	10.000.000
Fjárveiting til tekna	108.800.000	0	0	108.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(32.147.578)	0	0	(32.147.578)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	76.652.422	0	0	76.652.422

	2020	2019
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	110.840.000	60.000.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	9.997.185	18.670.675
Ýmsar tekjur	0	50.000
	<u>120.837.185</u>	<u>78.720.675</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	83.904.157	63.484.181
Orlof, breyting	2.954.091	2.674.229
Launatengd gjöld	18.822.942	14.354.902
Starfsmannakostnaður	328.350	166.933
	<u>106.009.540</u>	<u>80.680.245</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	10,0	6,6

Skýringar

	2020	2019
5 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	304.556	184.314
Byggingarvörur, almennar	38.959	0
Byggingarvörur, aðrar	5.942	0
Tæki og búnaður til innréttinga	65.865	0
Ýmis tæki og áhöld	159.064	83.414
Orkugjafar	190.305	396.265
Matvæli	329.551	337.607
Almennar rekstrarvörur	476.754	530.069
Vörukaup, almenn	1.570.996	1.531.669
Rannsóknarstofuefni	58.558	6.671
Kennslu- og föndurvörur	51.777	48.124
Ýmsar sérgreindar vörur	315.456	33.201
Vörukaup, sérgreind	425.791	87.996
Fundir, námskeið, risna	295.930	777.048
Ferðir, uppihald	189.695	1.174.994
Akstur	429.373	387.200
Sérfræðiþjónusta	16.122.315	14.979.115
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	43.906	20.500
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.266.737	2.567.182
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	3.025.305	2.686.832
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	21.373.261	22.592.871
Afnotagjöld	1.464.863	1.412.967
Leigugjöld	10.239.576	7.311.544
Notkun véla og flutningatækja	404.600	37.200
Verkkaup	3.753.817	2.718.916
Kostnaðarhlutdeild	7.735.763	6.976.239
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	23.598.619	18.456.866
Annar rekstrarkostnaður samtals	46.968.667	42.669.402
	2020	2019
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	20.213.148	9.562.668
Aðrar eignir	307.199	289.699
Niðurfærsla óefnislegra eigna	24.860	10.004
	20.545.207	9.862.371
7 Óefnislegar eignir		
	31.12.2020	31.12.2019
Óefnislegar eignir	43.638	15.010
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2020:		Hugbúnaður
Stofnverð 1.1.2020		30.016
Viðbót á árinu		53.488
		83.504
Niðurfært 1.1.2020		15.006
Niðurfærsla ársins		24.860
		39.866
Staða 31.12.2020		43.638

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	149.831.048	161.863.028
Aðrar eignir	3.506.393	3.319.911
	<u>153.337.441</u>	<u>165.182.939</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020	177.556.182	3.713.829	181.270.011
Viðbætur á árinu	8.181.168	493.681	8.674.849
	<u>185.737.350</u>	<u>4.207.510</u>	<u>189.944.860</u>
Afskriftir 1.1.2020	15.693.154	393.918	16.087.072
Afskrift ársins	20.213.148	307.199	20.520.347
	<u>35.906.302</u>	<u>701.117</u>	<u>36.607.419</u>
Staða 31.12.2020	<u>149.831.048</u>	<u>3.506.393</u>	<u>153.337.441</u>

9 Tengdir aðilar

	31.12.2020	31.12.2019
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	89.392.717	130.366.284
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	0	1.332.483
	<u>89.392.717</u>	<u>131.698.767</u>

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	44.671.118	118.425.390
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(34.121.792)	(111.896.064)
Afkoma ársins	76.652.422	38.141.792
Jöfnuður 31.12.	<u>87.201.748</u>	<u>44.671.118</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 0,0 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

	31.12.2020	31.12.2019
11 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	7.846.909	4.892.818
Ógreidd laun	0	282.019
Önnur ógreidd gjöld	16.780	255.384
	<u>7.863.689</u>	<u>5.430.221</u>

Skýringar

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	153.381.079	165.197.949
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ..	(182.430.550)	(174.502.213)
	<u>(29.049.471)</u>	<u>(9.304.264)</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	165.197.949	(174.502.213)	(9.304.264)
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	800.000	800.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8.674.849	(8.674.849)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	53.488	(53.488)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(20.545.207)</u>	<u>0</u>	<u>(20.545.207)</u>
	<u>153.381.079</u>	<u>(182.430.550)</u>	<u>(29.049.471)</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 19,7 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2021 og ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 12,9 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 0,3 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.